

Porrablót í Félagslund

Laugardaginn 31. janúar 2009 verður Þorrablót Gaulverja haldið í Félagslund. Húsið opnar kl. 20:00 og hefst borðhald kl. 20.30. Ole Olesen reiðir fram veisluföngin og Karma spilar fyrir dansi. Miðapantanir hjá Stefáni og Rannveigu í síma 486 3370 og Hauki og Herdísi í síma 486 3382. Pantanir berist í síðasta lagi sunnudaginn 25. janúar 2009. Rétt er að taka fram að enginn posi er í Félagslund. Miðaverð er 6000 kr. Sjáumst hress og kát í Félagslund 31. janúar. Nefndin

Ágætu vinir!

Í tilefni 50 ára afmælis húsbóndans þann 10. janúar n.k. verðum við með opið hús á heimili okkar í Kolsholti frá kl: 14:00 og fram á kvöld.

Allir velkomir að mæta hvort sem þið stoppið stutt eða lengur eða hvaða tími dagsins ykkur hentar best.

Bestu kveðjur,
Aðalsteinn og Kolbrún í Kolsholti

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing í Félagslund	12. janúar
Æfing eldri	13. janúar
Æfing yngri	14. janúar
Innanhússmót Umf. Vöku	18. janúar
Glímuæfing í Félagslund	19. janúar
Æfing eldri	20. janúar
Æfing yngri	21. janúar
Glímuæfing í Félagslund	26. janúar
Æfing eldri	27. janúar
Æfing yngri	28. janúar
Þorrablót í Þjósárveri	31. janúar
Þorrablót í Félagslund	31. janúar



Áveitan



1. tbl, janúar. 2009. 3. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Þorrablót í Þjósárveri

Þorrablótið í Þjósárveri verður laugardagskvöldið 31. janúar 2009 og hefst kl. 21:00.

Húsið opnar 20:30

Matur frá meistara Ole Olesen.

Hin geysivinsæla hljómsveit Stefáns P. rifjar upp gömlu góðu þorrablótsstemninguna.

Miðapantanir í síðastalagi miðvikudagskvöldið 26. janúar í síma 486-5590/486-3344.

Fjölmennum og tókum með okkur gesti!

Nefndin.



Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar Flóahrepps

Mínar bestu óskir um farsæld á nýju ári sendi ég ykkur nú í upphafi árs 2009 með þökk fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári.

Við höfum nú fagnað jólum og áramótum og flestir íslendingar hafa verslað meira í heimabyggð en mörg undanfarin ár og verið meðvitaðir um að kaupa frekar íslenska vöru en erlenda. Landsmenn hafa jafnframt séð betur á undanförunum mánuðum að nauðsynlegt er að íslensk matvælaframleiðsla sé til staðar í landinu og að íslendingar geti verið sjálfum sér nægir í þeim efnunum.

Ekki er hægt að treysta á innflutning matvæla eins og við höfum kynnst á undanförunum mánuðum. Gjaldreyrshöft og ótrúverðugleiki landsins hefur gert það að verkum að við búum nú við gjörbreyttar aðstæður frá því sem við höfum vanist mörg undanfarin ár.

Annað sem vert er að minnast á er mikilvægi samkenndar á tímum sem þessum. Í fámennu sveitarfélagi eins og Flóahreppi er tiltölulega auðvelt að vera vakandi yfir því hvernig náunganum liður og mikilvægt er að láta t.d. ættingja, prest eða félagsmálafulltrúa vita ef grunur vaknar um mikla vanlíðan af völdum áhyggna og erfiðleika. Hjá félagsþjónustu uppsveita og Flóahrepps starfar ráðgjafi með sérþekkingu á félags- og heilbrigðisþjónustu og hægt er að leita aðstoðar hjá vegna fjárhagsvandræða, atvinnu- og húsnæðismála og andlegrar vanlíðunar. Nýtt ár er háð mikilli óvissu varðandi alla áætlanagerð, hvort sem er fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða rekstur sveitarfélaga.

Í desember fór fram fyrri umræða um fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2009.

Hún er unnin í samvinnu við leik- og grunnskólastjóra ásamt fræðslunefnd.

Jafnframt var óskað eftir umsögn og ábendingum Atvinnu- og ferðamálanefndar og Umhverfisnefndar við gerð áætlunar.

Samkvæmt niðurstöðu tillögu að fjárhagsáætlun ársins 2009 er gert ráð fyrir um 7 milljóna króna halla á rekstri sveitarfélagsins. Skerðing á framlögum Jöfnunarsjóðs spila þar stóra rullu en reiknað er með 13% skerðingu þeirra á árinu 2009.

Flóahreppur er afar háður framlögum sjóðsins en rúmlega 50% af skatttekjum sveitarfélagsins koma frá Jöfnunarsjóði.

Fræðslumál taka eðlilega stærsta skerfni af skatttekjum sveitarfélagsins eða um 62% samkvæmt drögum að fjárhagsáætlun. Eins og íbúar vita, hefur verið tekin ákvörðun um að kennsla 8. bekkjar fari fram í Flóaskóla næsta skólaár og stefnt er að því að öll grunnskólakennsla verði í sveitarfélaginu í framtíðinni.

Menningarmál eru einnig stór þáttur í rekstri Flóahrepps enda státar sveitarfélagið af þremur félagsheimilum og hlutdeild í einu til viðbótar, Gömlu Þingborg.

Í öllum félagsheimilum er ágætis nýting og talsverð eftirspurn er eftir aðstöðu til veisluhalds, ættarmóta og fundarhalds. Einnig er rétt að benda á það mikla og góða starf sem félagsamtök í sveitarfélaginu halda úti í æskulýðs-íþrótt og menningarmálum í félagsheimilunum sem aldrei verður ofmetið.

Forgangsverkefni næsta árs í framkvæmdum í Flóahreppi verður að fara í vatnsöflun og reiknað er með samstarfi við Rangárþing ytra og Ásahrepp um þau mál. Þessar framkvæmdir eru þó háðar því að til þeirra fái stórt fjármagn en um það ríkir óvissa enn

Íþróttanefnd:

Formaður: Tómas Karl Guðsteinsson

Ingunn Harpa Bjarkadóttir

Hanna Einarsdóttir

Hulda Kristjánsdóttir

Sigmar Örn Aðalsteinsson

Skemmtinefnd:

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir

Erla Björg Aðalsteinsdóttir

Hlynur Logi Erlingsson

Laufey Einarsdóttir

Sigurbjörg Eva Sigurðardóttir

Ritnefnd:

Formaður: Fanney Ólafsdóttir

Ingunn Harpa Bjarkadóttir

Hanna Einarsdóttir

Endurskoðandi: Kristján Gestsson

Varaendurskoðandi: Bjarki Reynisson

Fulltrúi á Héraðsþing: Formaður

Varamaður á Héraðsþing: Guðmunda Ólafsdóttir

6. mál: Hlé og veitingar í boði félagsins.

7. mál: Verðlaunaafhendingar

Besta afrek samkvæmt alþjóðastigatöflu hlaut Haraldur Einarsson fyrir langstökk en hann stökk 6,31 m sem gefur 774 stig.

Besta afrek samkvæmt unglingastigatöflu hlaut Ingunn Harpa Bjarkadóttir fyrir langstökk án atrennu en hún stökk 2,46 m sem gefur 896 stig.

Íþróttamaður ársins var kjörin Guðrún Inga Helgadóttir fyrir góðan árangur í frjálsum íþróttum og glímu.

Félagsmálabikarinn hlaut Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir fyrir dugmikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins undanfarin ár.

8. mál: Önnur mál

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir bauð velkomna 15 nýja Vöku meðlimi sem höfðu gengið í félagið á árinu. Samþykkt var tillaga um að árgjald félagsins yrði óbreytt, kr. 700. Einnig var rætt um leiklistarmál, kaup á íþróttahöldum, félagsmálanámskeið, Kornskurðarballið, Landsmót UMFÍ í sumar og fleira.

Fundi slitið klukkan 22:25

Fundarritari Helga Björg Helgadóttir

Fréttir frá Umf. Vöku

Innanhússmót

Innanhússmót Umf. Vöku verður haldið í Þjórsárverri sunnudaginn 18. janúar og hefst kl. 14:00. Keppt verður í langstökki án atr., þristökki án atr. og hástökki. Allir keppendur fá viðurkenningaskjal. Vökumenn á öllum aldri eru hvattir til að fjölmenna á þetta fyrsta mót ársins.

Ársskýrsla 2008

Nú er komin út Ársskýrsla Umf. Vöku fyrir árið 2008. Skýrslan hefur þegar verið send um Villingaholtshrepp og til félagsmanna sem búa annars staðar. Aðrir sem hafa áhuga á að eignast eintak geta haft samband við Fanneyju í síma 486-3345 eða tölvupóst fanney@visir.is og fengið skýrsluna senda sér að kostnaðarlausu.

Útdráttur úr aðalfundargerð

Aðalfundur Umf. Vöku var haldinn í Þjórsárverri að kvöldi 2. janúar 2009 og voru 18 félagsmenn mættir. Haraldur Einarsson formaður setti fundinn og stakk upp á Kristjáni Gestssyni sem fundarstjóra og Helgu B. Helgadóttur sem fundarritara. Það var samþykkt.

1. mál: Helga las upp fundargerð síðasta aðalfundar.
2. mál: Formaður og formenn nefnda lásu upp skýslur sínar.
3. mál: Hallfríður Ósk las upp ársreikninga.

Orðið var gefið laust um ársskýrslur og reikninga. Stjórn félagsins fékk hrós fyrir öflugt starf á árinu. Rætt var um hvað skipulag frjálsíþróttæfinga hefði heppnast vel og að mikið fleiri krakkar sækir nú frjálsíþróttæfingar.

Fundargerð síðasta aðalfundar, ársskýrslur og reikningar samþykktir.

4. mál: Almar Sigurðsson frá umhverfisnefnd Flóahrepps kom og veitti ungmennafélaginu umhverfisverðlaun Flóahrepps, en þeim fylgdi 100.000 krónur frá sveitarfélaginu.

5. mál: Kosningar. Úrslit kosninga eru eftirfarandi:

Formaður: Haraldur Einarsson

Gjaldkeri: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Ritari: Helga Björg Helgadóttir

Varastjórn:

Laufey Einarsdóttir

Sigmar Örn Aðalsteinsson

Oddný Ása Ingjaldsdóttir

sem komið er. Eina tryggja fjármagnið í framkvæmdirnar er hlutur Flóahrepps en Landsvirkjun mun greiða hlutfall sveitarfélagsins í framkvæmdunum samkvæmt samkomulagi sem áður hefur verið kynnt.

Á næstunni verður einnig tekin ákvörðun um hvort fara eigi í framkvæmdir við uppbyggingu skólahúsnæðis við Flóaskóla.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur tekið vel í umleitanir um lánsfjármögnun enda er Flóahreppur með afar góða skuldastöðu. Þrátt fyrir allt má því reikna með að Flóahreppur og íbúar Flóahrepps fari nokkuð vel út úr efnahagsþrengingum næsta árs. Sveitarfélagið á ágætis sjóð og getur tekið hallarekstri, að minnsta kosti í eitt ár þótt slíkt sé alltaf þrautarlending.

Í stærri sveitarfélögum er reiknað með 10% lækun útsvarstekna en í Flóahreppi er reiknað með 5% lækun enda ekki gert ráð fyrir sama atvinnuleysi og víða annars staðar á landinu. Gangi þær áætlanir eftir er full ástæða til horfa bjartsýn fram á við og við munum standa keik af okkur þennan ólgusjó.

Álagningarreglur

Eftirfarandi fasteignareglur hafa verið samþykktar af sveitarstjórn. Þær eru óbreyttar frá fyrra ári fyrir utan hækkun á sorpgjaldi af stærstu sorphirðuflátunum.

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptist í:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

c-flokkur 1,35% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Vatnsgjald

Vatnsgjald verður 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Lágmarksálagning verður 6.000 kr. og hámarksálagning verður 18.000 kr. á íbúðar- og sumarhús.

Lóðarleiga er 1% af lóðamati.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald

Sorphirðugjald er sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi:

a) 240 lítra tunna 8.000 kr.

c) 660 lítra kar 12.200 kr.

d) 1100 lítra kar 17.080 kr.

Sorpeyðingargjald:

Íbúðir 5.500 kr.

Sumarhús 5.500 kr.

Atvinnurekstur iðnaðarhverfi 12.000 kr.

Atvinnurekstur lögbýli 6.500 kr.

Öll gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskattur og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum, 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á fimm gjalddögum, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt að láta tæma rofþrær við heimili og stofnanir í sveitarfélaginu á þriggja ára fresti frá og með árinu 2009. Gjaldskrá vegna losunar rofþróa mun taka mið af raunkostnaði og skiptast í þrjár greiðslur á þremur árum fyrir eina losun.

Frumvarp til laga um hækkun hámarksútsvars í 13,28% úr 13,03% liggur fyrir Alþingi samkvæmt bréfi frá Samgönguráðuneytinu 17. desember s.l.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hún komi til með að nýta sér heimild til hækkunar á útsvari.

Fréttir og upplýsingar

Fréttir frá sveitarstjórn og skrifstofu hafa birst í fréttablaði ungmennafélagsins, Áveitunni um hver mánaðarmót til að halda lesendum sem best upplýstum um það sem helst er á döfinni hverju sinni. Einnig eru fundargerðir, fréttir og auglýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, www.floahreppur.is fyrir þau ykkur sem hafið tök á að nýta ykkur tölvutæknina. Íbúar sveitarfélagsins hafa bent á að aðgengilegt væri að hafa upplýsingar um ýmsa viðburði á vegum félagasamtaka sveitarfélagsins á heimasíðunni. Þetta er þörf og góð ábending og hvet ég forsvarsmenn og konur félagasamtaka í Flóahreppi að nýta heimasíðuna betur sem upplýsingaveitu, t.d. á viðburðadagatalinu. Það eina sem þarf að gera er að senda upplýsingar, fréttir og/eða auglýsingar til undirritaðrar á netfangið floahreppur@floahreppur.is. Einnig má senda fréttir og upplýsingar um hvaðeina sem íbúum dettur í hug að eigi erindi til sveitunga.

Félagsmálaþjónusta

Félagsmálafulltrúi er Nanna Mjöll Atladóttir með aðsetur í Laugarási. Sími hjá henni er 480-8800 og netfang felagsmalastjori@laugaras.is Fulltrúi Flóahrepps í félagsmálanefnd er Guðrún Jónsdóttir á Sandbakka og varamaður hennar er Magnús Guðmundsson í Oddgeirshólum.

Skipulags- og byggingarfulltrúar

Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Ánessýslu og Flóahrepps er að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Skiptiborð er opið alla virka daga frá kl. 9:00 til 12:00

Byggingarfulltrúi er Helgi Kjartansson, helgi@sudurland.is

Skipulagsfulltrúi er Pétur Ingi Haraldsson, petur@sudurland.is

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps.

Pistillinn

Sveitin í mér eða ég í sveitinni, vangaveltur Halldóru Markúsdóttur.

Þvílík heppni að vera úr sveit. Af öllum stöðum í heiminum þá tókst mér að alast upp í sveit og sé ég ekki eftir því. Um ævina hef ég fengið að velja nokkrum sinnum á milli sveitarinnar og venjulegs bæjarlífs og alltaf hef ég tekið sveitina framyfir, en þó kynnst hvoru tveggja. Og ég er þess fullviss að sveitin er það umhverfi sem heppilegast er að alast upp í og þær manneskjur sem verða til í sveitinni eru mun sterkari en aðrar. En hvað er svona sérstakt við sveitina sem gerir þennan mun?

Það fyrsta sem mér dettur í hug er frelsið, frelsi fyrir eigin ákvarðanir og hugsunarhátt. Það að geta hlaupið út í víðáttuna og fundið sjálfan sig er það sem allir leita eftir og er mjög dýrmætt. Annað sérkenni er náttúran og dýrin, að fá að umgangast dýr og læra að virða þau. Náttúran í sveitinni er engu lík, ilmur að nýslegnu túni og vorblærinn sem gefur nýjar vonir. Bein snerting við náttúruna er undursamleg tilfinning og var ég á yngri árum ósjaldan berfætt út í móa að skoða falleg blóm eða leika mér í læk eða bara stikla á milli þúfna. En það þarf líka að vinna í sveitinni og er hverjum manni hollt að prófa það og hefur hún gefið mér marga, fyrir utan sjálfsaga þá á ég auðvelt með að sækja um vinnu ef ég læt það koma fram að ég sé úr sveit, þá hugsar fólk já þarna er hörku duglega manneskja og góður starfskraftur. Gömul gildi hafa haldist lengur í sveitinni en annarstaðar, og þar er farið hægar í framkvæmdargleðina sem enginn ætti að sjá eftir sérstaklega á þessum tímum. Við eigum landið okkar og búfé og það eru mikilvæg verðmæti.

Sveitin mun fylgja mér í hverju sem ég tek mér fyrir hendur og stoltið er ómælanlegt. Því miður hefur hefur verið sá stimpill á sveitafólki að þau séu ómerkileg og jafnvel á eftir samtíðinni. En í raun og veru mættu fleiri taka okkur til fyrirmyndar og sjá að það fólk sem lifir í sveit eru sannir Íslendingar.

Að lokum vil ég þakka fyrir að leyfa mér að skrifa á 22. ára afmælsmanuðinum mínum og verð að skjóta á hann föður minn að skrifa næsta pistil.
Halldóra Markúsdóttir

Frá Samhygð

Aðalfundur verður haldinn í Félagslundi fimmtudagskvöldið 12. febrúar og hefst kl. 20:30. Hefðbundin aðalfundarstörf. Nýjrir félagar velkomnir.

Glimuæfingar hefjast að nýju mánudaginn 12. janúar og verða vikulega fram á vor.

Frá Flóaskóla

Gleðilegt ár kærur lesendur!

Nýja árið hefur heilsað okkur með hlýindum og samkvæmt almanakinu verða dagarnir nú sífellt lengri og bjartari. Skólafárið heldur áfram af krafti nú á nýju ári og víst að starfsfólk og nemendur mæta úthvöld og sterk til leiks eftir gott fri.

Skólafarinu lauk fyrir jól með jólaskeiðunum í Þjórsárverri. Mikill fjöldi gesta mætti á skeiðunum eins og undanfarið misseri og ljóst að heldur er farið að þrengja að stærri samkomum í húsinu. Það er mjög ánægjulegt hversu margir hafa áhuga á að heimsækja okkur og fylgjast með því sem við erum að gera. Nemendur stóðu sig með þryði í leikatriðum og söng og sýndu hæfileika sína til upplesturs og leikrænnar tjáningar.

Síðasta kennsludag fyrir jól bárust niðurstöður úr samræmdum prófum sem nemendur í 4. og 7. bekk tóku í október. Árangur okkar nemenda er góður og einkunnir yfir landsmeðaltali í öllum greinum nema stærðfræði í 7. bekk. Eins og alltaf erum við stolt af okkar nemendum og vitum að starfsfólk og kennarar leggja sig alltaf fram um að gera sitt besta. Námsmatsstofnun mun fljótlega senda skólanum samræmdu prófin og þá geta nemendur farið yfir þau ásamt kennara sínum og foreldrum.

Í desember óskuðum við eftir að heyra frá fólki sem hefði áhuga á að koma að sjálfbodastarfi innan skólans – nú endurtökum við “auglýsinguna” og hvetjum þá sem hafa tíma aflögu að hafa samband við okkur ☺ Við rennum alveg blint í sjóinn með þetta en hlökkum til að fá viðbrögð frá lesendum.

Framundan eru tímar aðhalds í rekstri opinberra stofnana eins og allir gera sér grein fyrir. Í Flóaskóla leggjum við áfram áherslu á að veita persónulega og góða þjónustu en að sama skapi að sýna skynsemi og ráðdeild í rekstri skólans. Við horfum með hjartsýni og jákvæðni til komandi mánuða og hlökkum til að takast á við nýtt ár í Flóaskóla!

Með bestu kveðju, Kristín Sigurðardóttir skólafarar
kristin@floahreppur.is, gsm 663-5720.

PS. Til þeirra sem eru að laga til í skápum og geymslum: Við getum alltaf tekið við tölum, efnisbútum og öðru smálegu sem getur nýst í saumakennslu og öðru föndri ☺

Kvígur til sölu

Tvær kvígur eru til sölu á Brúnastöðum. Önnur á að bera í lok janúar og hin um 20. mars. Áhugasamir hafi samband í síma 866-3317 eða 482 1096 (Ketill).

Heimasíða skipulags- og byggingarfulltrúa er: www.sveitir.is þar sem meðal annars má sjá allar fundargerðir skipulags- og byggingarnefnda.

Einnig er bein tenging frá heimasíðu Flóahrepps á fundargerðir nefndarinnar, undir fundargerðir skipulags- og byggingarnefndar.

Snjómokstur

Reiknað er með óbreyttu sniði á snjómokstri í sveitarfélaginu í vetur frá síðasta vetri. Snjómokstri er þannig háttáð að verktakar skulu, ef þess er nokkur kostur, hafa hreinsað alla tengivegi fyrir kl. 8 morgni þá daga sem mokað er. Verktakar fylgjast með og meta hvort þörf er á mokstri og hafa samband við Vegagerð, ef talin er ástæða til moksturs. Markmiðið með snjómokstrinum er að koma börnum í skólann og greiða aksturleiðir mjólkurbíla ásamt þeirra sem þurfa að komast til vinnu. Ekki er mokað þegar veður er þannig að það fennir jafnóðum í för.

Vegagerðin greiðir helming snjómoksturs á tengivegum en það er alfarið sveitarfélagsins að greiða snjómokstur á afleggjurum heim að húsum, allavega samkvæmt eldri vegalögum. Ný vegalög hafa tekið gildi en ekki hefur enn verið gefin út reglugerð þeim samhlíða sem kveður á um hvernig skiptingu kostnaðar er varið við viðhald og hreinsun vega milli sveitarfélaga og Vegagerðar. Verktakar munu eftir fremsta megni hreinsa snjó af afleggjarum en ekki af bílastæðum hjá íbúum. Það er alltaf íbúa að hreinsa snjó í kringum sín hús, hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli. Þeir íbúar sem ekki hafa tök á að hreinsa sitt bílastæði geta sett sig í samband við skrifstofu í síma 480-4370 og óskað eftir hreinsun á eigin kostnað.

Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt samhljóða tillögu að Aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi ásamt greinargerð dags. 26. nóvember 2008 og skýringaruppráttum af byggð, samgöngum, landbúnaði og verndarsvæði. Tillagan var auglýst frá 19. júní til 31. júlí 2008 og frestur til að skila athugasemdum var til 31. júlí 2008. Alls bárust 215 athugasemdir við tillöguna sem sveitarstjórn kynnti sér og tekið var tillit til hluta þeirra athugasemda með breytingu frá auglýstri tillögu. Flestar athugasemdir lutu að virkjanamálum en í samþykktri tillögu er gert ráð fyrir virkjun í Urriðafossi.

Ákvarðanatata í þessu máli hefur verið löng og erfið hjá sveitarstjórn enda margir sem eru mótfallnir Urriðafossvirkjun og ágreiningur verið mikill meðal íbúa um fyrirhugaðar framkvæmdir. Það er ljóst að aldrei verður fullkomin sátt um málið en sveitarstjórn hefur reynt af fremsta megni að hlusta á sem flest sjónarmið og skoða málið út frá þeim áður en ákvörðun var tekin.

Sorpmál

Gámasvæði við Félagslund verður lokað um áramót þannig að frá og með þeim tíma verður eitt gámasvæði í sveitarfélaginu eða í Heiðargerði við Kjötínjölsværsmiðjuna. Þetta er ákvörðun sveitarstjórnar frá því fyrr á árinu 2008 og er tilkomin vegna fjölda kvartana yfir núverandi gámasvæði við Félagslund.

Komi í ljós að eitt gámasvæði anní ekki sveitarfélaginu öllu verður ákvörðun

endurskoðuð með tilliti til þess.

Gámur við Skeiðaveg verður fjarlægður á næstunni og þess í stað verður settur lítill gámur sem eingöngu er ætlaður fyrir heimilissorp fyrir sumarhúsaeygendur. Annar úrgangur s.s. grófur úrgangur, járn og timbur á að fara á gámasvæðið í Heiðargerði. Eftir áramót verður breyting á sorphirðu þannig að farin verður ein ferð á veturna eftir brúnu tunnunni eða lifræna úrganginum og tvær á sumrin. Á þeim tíma sem flokkun á sorpi hefur verið í gangi í Flóahreppi er ljóst að ofmetin var þörf á sorphirðu lifræns úrgangs. Þeir sem vilja fjölga grænu tunnunum geta haft samband við Íslenska Gámafélagið í síma 577-5757 og óskað eftir viðbótarkari. Innheimt verður fyrir karið í samræmi við gjaldskrá Gámafélagsins en verði verður haldið í algjöru lágmarki. Sorpflokkun hefur gengið mjög vel frá því að breytt fyrirkomulag var tekið upp í sveitarfélaginu í byrjun september og er til eftirbreytni. Viða eru sveitarfélög að skoða samskonar aðferð og notuð er í Flóahreppi og hafa fulltrúar nokkurra sveitarfélaga haft samband við skrifstofu til að leita upplýsinga um gang mála. Það er gaman að geta sagt frá því að verkefnið gangi vonum fram og að íbúar Flóahrepps séu sérfræðingar í sorpflokkun og sorpmálum.

Með bestu kveðjum,

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Staðardagskrá 21 – Hvað er nú það?

Staðardagskrá 21 er í raun velferðaráætlun sem sveitarfélög vinna að, hvert um sig, þar sem horft er á þróun samfélagsins til langs tíma og sett niður áætlun um þau verkefni sem þarf að hrinta í framkvæmd.

Nánar tiltekið er hér um að ræða áætlun um þau verk sem vinna þarf í hverju samfélagi um sig til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun á 21. öldinni, þ.e.a.s. þróun sem tryggir komandi kynslóðum viðunandi líffskilyrði. Staðardagskrá 21 er með öðrum orðum heildaráætlun um þróun hvers samfélags um sig fram á 21. öldina. Áætlunin snýst ekki eingöngu um *umhverfismál* í venjulegum skilningi, heldur er henni ætlað að taka jafnframt tillit til *efnahagslegra* og *félagslegra* þátta.

Eftirfarandi fimm atriði hafa verið skilgreind sem meginþættir eða vegvísar fyrir Staðardagskrárstarfið:

Heildarsýn og þverfagleg hugsun

Virk þátttaka íbúanna

Hringrásarviðhorf

Tillit til hnattrænna sjónarmiða

Áhersla á langtímaáætlanir

Þetta verkefni hefur verið í gangi hér á landi frá árinu 1998 og hefur meirihluti íslenskra sveitarfélaga tekið þátt í þessu starfi.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ákveðið að taka þátt í þessu verkefni og móta þar með velferðaráætlun sveitarfélagsins til langs tíma.

Skipuð hefur verið sérstök nefnd sem stýrir vinnunni en lögð er mikil áhersla á þátttöku almennings í sveitarfélaginu og íbúarnir komi sínum hugmyndum og sjónarmiðum á framfæri í vinnunni.

Val á málaflokkum – fimm veigamestu!??

Eins og komið hefur fram er að hefjast vinna við mótun Staðardagskrár 21 fyrir Flóahrepp. Um er að ræða velferðaráætlun þar sem horft er á þróun samfélagsins til langs tíma og sett niður áætlun um þau verkefni sem þarf að hrinta í framkvæmd.

Staðardagskrárnefnd sér um undirbúninginn og hefur ákveðið að leita til lesenda vefjarins www.floahreppur.is um að taka þátt í könnun um hvaða málaflokka þeir vilja að teknir verði fyrir í Staðardagskránni. Hér að neðan eru hugmyndir að málaflokkum sem hugsanlegt er að taka fyrir. **Lesendur eru beðnir um að tilgreina 5 málaflokka sem þeir vilja sjá fjallað um og senda val sitt með tölvupósti á netfangið: sd21.floa@gmail.com fyrir 15. janúar 2009.**

Niðurstöður úr þessari könnun verða hafðar til hliðsjónar við endanlegt val á málaflokkum.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafsteinn Hafliðason, formaður Staðardagskrár-nefndarinnar í síma 4823346 eða netfang: sd21.floa@gmail.com

Allir eru hvattir til að taka þátt og hafa þannig áhrif á mótun samfélagsins sem við búum í!

Hugmyndir að málaflokkum, **merktu aðeins við þá 5 sem þér finnst mestu máli skipta:**

Drykkjarvatn	Hafið
Fráveitumál	Útivist
Hávaði og loftmengun	Umferð og flutningar
Menningarminjar	Ræktun
Umhverfisfræðsla	Málefni barna og unglina
Náttúra og umhverfi	Matvælaframleiðsla
Skipulagsmál	Stofnanir sveitarfélagsins
Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum	Landgræðsla
Meindýraeyðing	Efnistaka - Námur
Orkunýting	Neysla og lífstíll
Skógrækt	Auðlindanotkun
Opinber innkaup	Atvinnulífið
Annað: Hvað?	